

**Nd.**

**617. Lög**

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí).

6. gr. A. II. 2. 1. málsg. orðist svo:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætla skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskaðanefndar og rikisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kærðu yfir aukaútsvari því, sem niðurrjöfnunarnefnd hefir lagt á arð af þessum viðskiptum.